Nordjobb
www.nordjobb.net

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6/2 2019
Málsnr: 1902126
Bréfal: 382

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 1. febrúar 2019

**Efni: Nordjobb sumarstörf 2019**

Nordjobb er samnorrænt verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-30 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmennum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og víkka sjóndeildarhringinn.

Nordjobb þakkar Hafnarfjörð þátttökuna í verkefninu á undanförnum árum og óskar hér með eftir því að bæjarfélagið taki aftur þátt í verkefninu og ráði Nordjobbara til starfa sumarið 2019.

Virðingarfyllst,

Hannes Björn Hafsteinsson
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
island@nordjobb.org – s. 680 7477